

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar rafstrengs í Hegranesi og Viðvíkursveit



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2019/221

Forsíðumynd: Sundlaug í landi Kýrholts, horft er til suðausturs.



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2019/221

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðafræði	3
Fornleifaskráning	4
Samantekt	7
Heimildaskrá	8

Inngangur

Að beiðni RARIK skráði fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifar á afmörkuðum svæðum á Hegranesi og í Viðvíkursveit, vegna fyrirhugaðrar lagningar há- og lágpennustrengja og niðurrifs á loftlínunum.

Fyrirhugaðar lagnir og núverandi loftlína liggja um eftirfarandi jarðir: Utanverðunes, Helluland, Keflavík, Svanavatn, Garð og Ás 2 í Hegranesi og Vatnsleysu, Lón, Narfastaði, Læk, Bakka, Kýrholt og Laufhól í Viðvíkursveit.

Fyrir lá fornleifaskráning á hluta framkvæmdasvæðisins en óskráð svæði voru gengin og fór vettvangsvinna fram í maí byrjun 2019. Undirbúningsvinna, vettvangsskráning og skýrslugerð var í höndum Bryndísar Zoëga, landfræðings á fornleifadeild Byggðasafnsins.

Framkvæmdir hófust áður en endanleg skýrsla var tilbúin en uppmælingar- og önnur skráningargögn voru afhent RARIK og Minjaverði Norðurlands vestra og voru mótvægisáðgerðir ákveðnar á grundvelli þeirra gagna.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 2026

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa eru kannaðar ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær áveituskurður í landi Bakka raðnúmerið 3 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2026-3]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við nálægð minjanna frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Vettvangsskráning fór þannig fram að gengið var eftir fyrirhugaðri lagnaleið og minjar skráðar 15m út frá miðlínu. Minjarnar voru mældar upp með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmynd er að finna aftast í skýrslunni og í samantekt er töflu þar sem helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, aldur og fjarlægð minja frá fyrirhuguðum rafstreng. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskráning

Utanverðunes-2026-1

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Nýr háspennustrengur verður lagður eftir túninu norðaustan við bæinn og meðfram mýrarsundi austan þess. Á þessum slóðum voru áður mógrafir og áveituskurðir.

Lýsing

Hvorki fundust mógrafir né áveituskurðir við vettvangsskráningu og er mögulegt að þessar minjar hafi, a.m.k. að einhverju leyti horfið við túnasléttun.

Aðrar upplýsingar

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 174) segir að mógrafir og áveitugarðar hafi verið í mýrarsundinu austan við bæinn.

Utanverðunes-2026-2

Hlutverk: Áveitugarður

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Nýr háspennustrengur verður lagður eftir túninu norðaustan við bæinn og meðfram mýrarsundi austan þess. Á þessum slóðum voru áður mógrafir og áveitugarðar.

Lýsing

Hvorki fundust mógrafir né áveituskurðir við vettvangsskráningu og er mögulegt að þessar minjar hafi, a.m.k. að einhverju leyti horfið við túnasléttun.

Aðrar upplýsingar

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 174) segir að mógrafir og áveitugarðar hafi verið í mýrarsundinu austan við bæinn.

Bakki-2026-3

Eldra númer: 146403 278-36

Hlutverk: Áveituskurður

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta. Loftlínan sem fyrirhugað er að fjarlægja, liggur yfir minjarnar en ekki er gert ráð fyrir að minjarnar verði fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Rétt norðan við merki Bakka og Lækjar er áveituskurður.

Lýsing

Skurðurinn er um 230m á lengd og liggur frá vestri til austurs í átt að merkjum Bakka og Kýrhólts. Hann var skráður á vettvangi árið 2006.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bakka (bls. 8-9) segir um áveituskurðinn: „Þjóðvegurinn gamli, nú Bakkavegur, liggur eftir melum eða ás, sem var stundum kallaður Efri-Lónsás eða Ásinn. Þar fyrir ofan eru allvíðáttumikil engi sem heita Bugar. Þeir voru afbragðs engi, móar og mýrar. Ofarlega á þeim var gamall áveituskurður, sem var notaður á uppvaxtarárum Björns, og skipti Bugunum í Efribuga og Neðribuga.“



Mynd 1. Hér er horft yfir sundlaugina [2026-4] til suðausturs og sést í íbúðarhúsið í Kýrholti í baksýn.

Kýrholt-2026-4

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Lagnaleið liggur rúma 3m austan við austasta hluta sundlaugarinnar.

Staðhættir


Rétt tæplega 200m vnv af íbúðarhúsinu í Kýrholti eru garðlög, leifar sundlaugar sem þar var hlaðin um 1915.

Lýsing

Sundlaugin hefur verið nokkuð stór og hefur legið nv-sa. Þarna er enn veglegt garðlag sem hefur afmarkað sjálfa laugina. Innanmál er 13x40m í norðaustur enda og 27x40m til suðausturs. Garðlagið er 40-70sm hátt og mest um 1,5m á breidd. Það er grasi gróið og nokkuð heillegt en lítillega rofið á 2-3 stöðum. Sundlaugin var fyllt með vatni úr bæjarlæknum sem rann inn í hana úr suðaustri.

Aðrar upplýsingar

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 313-314) segir: „Stuttan spöl suðvestur frá fjárhúsunum í Kýrholti er mikið, hlaðið mannvirki (65°45'669/19°21'208). Um miðjuna eru um 17 metrar milli veggja og langhliðar um 40 metrar á lengd. Veggir eru úr torfi og standa ágætlega enn. Þetta mun hafa verið sundlaug sem Bessi Gíslason bóndi í Kýrholti kom upp en hann hóf búskap þar 1915. Bæjarlæknum hefur verið veitt í laugina og sólin síðan látin um að velgja laugarvatnið.“



Mynd 2. Minjar á fornbylí í landi Kýrhólts. Háspennustrengurinn liggur yfir ytri túngarðinn [2026-5] á tveimur stöðum og í námunda við hleðslur [2026-6]. Aðrar minjar eru utan við 15m frá strengnum..

Kýrholt-2026-5

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hættu. Miðað við fyrirhugaða legu mun jarðstrengurinn fara í gegnum garðinn á tveimur stöðum.

Staðhættir

Um 350m nnv af íbúðarhúsinu í Kýrholti eru tóftir fornbylís, sem kallað hefur verið þrælsgerði. Býlið samanstendur af tveimur túngörðum og nokkrum tóftum innan þeirra.

Lýsing

Ytri túngarðurinn er um 450m að lengd og nær nánast samfelld utan um tún fornbylísins. Hann afmarkar um 140x120m svæði sem er um 1,5 hektarar að stærð.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar V. bindi

(bls. 315-16) segir: „Skammt norðvestan við túnið í Kýrholti er að finna miklar minjar frá fornri tíð. Tveir túngarðar eru auðsýnilegir og er minni garðurinn innan þess stærri sem er um 145 metrar á lengd og 112 metrar á breidd, eða rúmlega 1,5 hektari innan gerðis. Minni túngarðurinn er um 61 metri á breidd og 73 á lengd. Í Jarðabókinni 1717 segir: „Stekkjarstæði sem hér er með girðingum, meinast þrælsgerði.“ Minjar sem að tilheyrðu fornbylínu í þrælsgerði eru frá

Því eftir árið 1300 og þegar Jarðabókin 1714 var rituð voru þarna aðeins nafnlausar tóftir og á þeim yngri stekkjarstæði (Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 315).

Við fornleifarannsókn sem gerð var á túngörðunum árið 2009 kom í ljós að ytri túngarðurinn innihélt gjósku úr Heklu frá 1300. Garðurinn er því reistur eftir þann tíma. Innri garðurinn er eldri, reistur eftir 1104 en virðist eldri en 1300 (Eyðibýggð og afdalir III, bls. 18-19).

Kýrholt-2026-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru um 11m frá fyrirhuguðum rafstreng.

Staðhættir

Um 350m nnv af íbúðarhúsinu í Kýrholti eru tóftir fornbylis, sem kallað hefur verið þrælsgerði. Syðst í gamla túninu, um 10m norðan við syðsta hluta túngarðsins eru hleðsluleifar.

Lýsing

Þarna mótar fyrir veggjalögum en ekki er hægt að meta hlutverk minjanna út frá þeim.

Samantekt

Fornleifar voru skráðar vegna mats á umhverfisáhrifum vegna lagningar nýrra há- og lágspennustrengja og niðurrifs á eldri loftlínum í Hegranesi og Viðvíkursveit. Í heild voru sex minjar skráðar, fjórar á vettvangi og tvær upp úr ritheimildum. Af þessum sex minjum voru tvær taldar í mikilli hættu; sundlaug [2026-4] og túngarður [2026-5] í landi Kýrhólts. Áveituskurður [2026-3] í landi Bakka var skráður þar sem að loftlína sem á að fjarlægja liggur yfir skurðinn en hann er ekki talinn í hættu vegna þeirrar framkvæmdar. Yfirlit yfir minjar er í töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit yfir skráðar minjar.

Jörð	Nr.	Hlutverk	Tegund	Aldur minja	Fjarlægð frá rafstreng	Austun	Norðun
Utanverðunes	2026-1	Mógrafir	Heimild	1700-1930	-	-	-
Utanverðunes	2026-2	Áveitugarður	Heimild	1700-1930	-	-	-
Bakki	2026-3	Áveituskurður	Niðurgroftur	1850-1950	-	483040	584247
Kýrholt	2026-4	Sundlaug	Garðlag	1914-1950	3,5m	483797	584921
Kýrholt	2026-5	Túngarður	Garðlag	1300-1650	Í línuleið	483860	585171
Kýrholt	2026-6	Óþekkt	Hleðsla	1300-1650	11,5m	483883	585189

Heimildaskrá

Guðný Zoëga, Hjalti Pálsson og Kári Gunnarsson (2009). Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar III – byggðasögurannsókn. *Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2009/94*.

Hjalti Pálsson (2010). **Byggðasaga Skagafjarðar. V. bindi. Rípurhreppur – Viðvíkurhreppur.** Sögufélag Skagfirðinga: Sauðárkrókur.

Örnefnaskrá fyrir Bakka. Sigurjón Páll Ísaksson skráði árið 2000. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl

1. Yfirlitsmynd yfir skráningarsvæðið

